



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Til nefndasviðs Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Kópavogi, 26. maí 2020.

## Umsögn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp um breytingu á barnalögum. (skipt búseta barns). 150. löggjafarþing 2019 – 2020. Þingskjal 1215 — 707. mál.

Reglur um skipta búsetu í barnalögum horfa til framfara, þær munu nýtast vel þeim hópi foreldra sem er með góða samvinnu og leysa úr þeim málum sem upp koma. Athugasemdir sýslumanns lúta að útfærslu úrræðisins.

### Kostnaður vegna frumvarpsins.

Í hinum nýju reglum felast margvísleg ný og aukin verkefni fyrir sýslumenn. Verður að leggja mikla áherslu á að hin nýju verkefni verði fjármögnuð, svo góða þjónustu verði hægt að veita og úrræðið nýttist eins og stofnað er til. Í kafla um fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð er aðeins gert ráð fyrir að bætt verði við einu stöðugildi sérfræðings hjá sýslumönnum vegna frumvarpsins en ekki vikið að fjölgun fulltrúa vegna aukinna verkefna þeirra samkvæmt frumvarpinu. Í þeim kafla segir að áætlað sé að ný mál á ári verði 200 talsins. Í kafla 6.1 í athugasemdum eru áætluð ríflega 200 mál árlega í tengslum við skilnað og sambúðarslit, en tekið fram að þar til viðbótar komi mál þeirra sem óska breytinga fyrirkomulags og þeirra sem ekki hafa verið í hjónabandi eða sambúð.

Vakin athygli á verkefnastöðu fjölskyldusviðs SMH en þar bíður mikill fjöldi mála meðferðar. Miðað við óbreytta mönnun þar er ekki annars að vænta en að ný mál vegna skiptrar búsetu og brottfalls skiptrar búsetu muni þurfa að bíða lengi eftir málsmeðferð, þ.m.t. sáttameðferð.

### 5. – 6. grein (32. gr., 32. gr. a, 32. gr. b)

Mælt er með því að setja í frumvarpið ákvæði um að dómsmálaráðuneytið gefi út reglur um meðferð mála vegna skiptrar búsetu, staðfestingu samninga og brottfalls skiptrar búsetu, sbr. reglur sem ráðgerðar eru í 9. gr. (33. gr. b).

Ráðgert er í frumvarpinu að sýslumaður taki til meðferðar erindi annars foreldris eða ágreiningsmál milli foreldra um hvort skiptri búsetu verði komið á og beiti jafnvel sáttameðferð milli foreldra. Það stangast á við eðli úrræðisins, það á að bjóðast foreldrum sem starfa í sátt. Skipt búseta á að vera rammi fyrir foreldra sem vilja ala börn sín upp í samkomulagi á tveimur heimilum, en er ekki ætlað að verða nýr farvegur fyrir deilur foreldra. Einhliða ósk annars foreldris til sýslumanns, um að samingi verði komið á um skipta búsetu, er ekki til marks um að milli foreldra ríki samstaða.

Því er lagt til að foreldrar þurfi sameiginlega að standa að beiðni um staðfestingu samnings um skipta búsetu, svo erindið fái umfjöllun sýslumanns.

Skilyrði skiptrar búsetu eru matskennd og er ekki ljóst að hvenær sýslumaður á að synja um staðfestingu samnings skv. 32. gr. a. Sama á við um ný skilyrði varðandi samning um sameiginlega forsjá og samninga um jafna umgengni. Ekki er ljóst við hvaða aðstæður sýslumaður synjar um staðfestingu slíkra samninga.



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Í athugasemdum með 5. gr. er ítarlegur texti um skilyrði og forsendur skiptrar búsetu. Vísað er til virkra og farsælla samskipta, miðlun upplýsinga, jafnræði, sveigjanleika, gagnkvæma virðingu, traust, samstöðu, stöðugar samvinnu, jákvæðra og uppbyggilegra samskipta, nálægra heimila, oftast í sama sveitarfélagi.

Í athugasemdum með 6. gr. er talað um hvenær sýslumaður synjar um staðfestingu samnings og þar er vísað til almenns mats á hagsmunum barns, og að fyrst og fremst sé metið orðalag fyrirliggjandi samnings. Synjun staðfestingar komi þannig aðeins til álita ef samningi er ábótavant eða forsendur augljóslega ekki fyrir hendi. Eftir atvikum kunni að þurfa að fara fram frekara mat á hagsmunum barns, með viðtali við barnið.

Þetta virðist því ekki í samræmi og væri ákjósanlegt að skýra betur. Mun málsmeðferð fela í sér almennt mat á hvort skilyrði eru uppfyllt, út frá þeim samningi foreldra sem fyrir liggur, eða felur hún í sér frekari rannsókn og ráðgjöf, af hálfu sérfræðings í málefnum barna, sem verði síðan grundvöllur mats á hvort skilyrði eru uppfyllt í því tilvik.

## **7. gr. ( 33.gr.) Sérfræðiráðgjöf vegna mála um skipta búsetu.**

Reiknað er með að sýslumaður geti boðið sérfræðiráðgjöf í málum vegna skiptrar búsetu og segir í athugasemdum að þar sé fyrst og fremst átt við þau tilvik þar sem foreldrar þurfi aðstoð við að meta hvort gera skuli samning um skipta búsetu. Þessa ráðgjöf er réttara að þau sækji til félagsþjónusta sveitarfélaga veiti, sbr. 17. gr. [laga um félagslega ráðgjöf sveitarfélaga 40/1991](#). Sjá athugasemd við 30. gr. frumvarpsins.

## **8. gr. (33. gr. a) Um boð um sáttameðferð m.a. í málum vegna skiptrar búsetu og brottfalls hennar.**

Beiting sáttameðferðar milli foreldra sem greinir á um hvort koma eigi á skiptri búsetu eða ekki, kann að vera í ósamræmi við það skilyrði laganna fyrir skiptri búsetu að foreldrar eigi virka samvinnu og samstarf og foreldrar séu færir um að taka í sameiningu allar ákvarðanir er varða barn. Sama kann að eiga við um mál vegna brottfalls skiptrar búsetu, en í athugasemdum er tekið fram að æskilegt sé að bjóða foreldrum sáttameðferð ef annað vill fella niður skipta búsetu.

Það er meira tilefni en endranær að skoða vel hvort forsenda er til að staðfesta samning um skipta búsetu sem varð til í sáttameðferð, þar sem samkomulag, samstaða og samvinna, er einmitt forsenda fyrirkomulagsins. Sýslumaður kann því að þurfa að rannsaka það sérstaklega hvort hægt sé að staðfesta samning sem gerður var í sáttameðferð, eftir atvikum með liðsinni sérfræðings skv. 74. gr. Það getur því gerst að sýslumaður synji um staðfestingu samnings sem aðilar gerðu í sáttameðferð.

## **10. gr. (34. gr.) Dómsátt.**

Þegar foreldrar eru með mál sitt fyrir dómi, þá ber að hafa í huga að dómsmál hefur verið höfðað, og þau hafa áður en til þess kom, farið í gegnum sáttameðferð án árangurs. Rekstur dómsmáls um forsjá eða lögheimili verður að telja til marks um alvarlegt stig ágreinings milli foreldra. Ekki verður séð, m.v. forsendur skiptrar búsetu, hvernig þær geti verið fyrir hendi við þessar aðstæður. Í athugasemdum segir að gert sé ráð fyrir að forsendur laganna fyrir staðfestingu samnings um skipta búsetu þurfi að vera fyrir hendi svo hægt sé að gera dómsátt um skipta búsetu. Í lagagreininni væri því rétt að vísa til ákvæða 32. gr. (5. gr. frv.) um þær forsendur.

## **23. gr. (56. gr.) Hver getur krafist úrskurðar um meðlag.**

Samkvæmt greininni er ekki mögulegt fyrir foreldri sem er ekki með lögheimili barns að fá úrskurð sýslumanns um meðlag frá hinu foreldrinu. Gildir einu þó barnið hafi flutt af lögheimili sínu og búi hjá



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

umgengisforeldrinu með sannanlegum hætti og með samþykki eða án mótmæla lögheimilisforeldris. Foreldri sem er ekki með lögheimili hjá sér, þarf því að höfða dómsmál til að fá lögheimili/forsjá og meðlag. Ástæða er til að endurskoða þetta með það í huga að hægt sé að úrskurða um meðlag við svona aðstæður, án þess að höfða dómsmál.

## **26. gr. (62. gr.) Menntunarframlag.**

Mælt er með því að taka hér fram að dómsmálaráðuneytið gefi út viðmiðunarfjárhæðir um tekjur ungmennis og foreldris, vegna úrskurða um menntunarframlag og bent á í því sambandi að ráðuneytið gefur út viðmiðunarfjárhæðir vegna aukins meðlags.

## **30. gr. Breytingar á öðrum lögum.**

Lagt er til að gerð verði breyting á 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga [40/1991](#) þannig að greinin tiltaki ráðgjöf vegna skiptrar búsetu.

Virðingarfyllt

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Eyrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri